

Helstu ástæður til að nota Accounting2benefit

Hér er að finna nokkrar ástæður fyrir því hvers vegna þú ættir að nota Accounting2benefit bókhaldskerfi.

Risavaxnir eiginleikar

Margir stjórnendur verða að sætta sig við að geta ekki framkvæmt þær aðgerðir sem þeir þurfa af því að þær hafa hingað til ekki verið til staðar í kerfunum sem þeir eru með og ekki fánlegar nema í bókhaldskerfum sem kosta töluvert mikið.

Notendur Accounting2benefit búa ekki við þessar hindranir. Þeir hafa aðgang að fjölhæfum eiginleikum og geta gert nánast hvað sem þeir vilja án þess að þurfa að kosta miklu til. Þessa eiginleika getur þú nýtt þér eftir því sem starfsemin þróast og þarfirnar aukast. Þannig býr þú yfir tækifærum til að spara kostnað og bæta þjónustu.

Færslusaga fyrir lífstíð

Accounting2benefit geymir allar færslur fyrir lífstíð og kemur þannig í veg fyrir að þú þurfir að kalla fram eldri gagnagrunna ef þú þarft að rýna í gögn aftur í tímann.

Magnað birgðakerfi

Það er ekki nægjanlegt að geta einungis séð grunnupplýsingar um vörurnar í bókhaldskerfinu. Þú þarft enn fremur að hafa góða yfirsýn og upplýsingar um ýmsa þætti sem tengjast birgðahaldinu til að lágmarka birgðahaldskostnaðinn. Það skiptir gríðarlega miklu máli að geta haldið vel utanum birgðirnar. Með góðu birgðahaldi sparar þú kostnað og eykur jafnframt tekjur með bættu þjónustustigi.

Mörg vöruhús og dreifing

Þú getur stjórnað sölufurðinu frá pöntun í pökkunarseðil. Þar að auki getur þú aukið hagræði með því að úthluta vörusendingum á tiltekna gáma eða bíla til afhendingar. Þú getur unnið með mörg vöruhús og skilgreint vinnuferla í sérhverju þeirra, t.d. verslun og viðgerðarverkstæði.

Birgðaaætlanir og stjórnun

Þú getur skráð áætlanir fyrir hverja vöru, endurpöntunarmagn og látið kerfið gera pantanatillögur. Birgðakostnaður verður í lágmarki og þjónustustigið betra þar sem minni líkur eru á að varan sé ekki til á lager.

Verðlistar og framlegð

Þú getur stofnað marga verðlista fyrir hverja vöru, sett fram afsláttartöflu eftir vöruflokkum, ákveðið framlegð og fylgst með framvindunni. Síðan getur þú tengt verðlistana og afslætti við tiltekna viðskiptamenn.

Raðnúmer

Í Accounting2benefit (Enterprise) er hægt að halda utanum raðnúmer á einstaka vörum.

Vörunúmer

Í Accounting2benefit Business og Enterprise getur þú stofnað vörunúmer á kerfisbundinn hátt, eftir þínum eigin þörfum. Með þessu móti getur þú

aðgreint vörur á auðveldan hátt, svo sem eftir stærðum, litum eða öðru, þannig að vörunúmerið verði auðskiljanlegt að lýsi eiginleikum vörunnar.

Ólíkar einingar

Þú getur haldið utanum og selt eða keypt inn sömu vöruna í ólíkum einingum, t.d. í stykkjatali eða pakkningu.

Sjálfvirk uppfærsla söluverða

Þú getur látið kerfið uppfæra verðlista sjálfvirk á grundvelli nýjasta innkaupsverðs ef það hentar. Þú getur notað þennan eiginleika þar sem það á við, t.d. einungis fyrir tiltekna vörur sem eru seldar með lágri framlegð. Þannig getur þú komið í veg fyrir að varan verði seld með tapi vegna breytinga á gengi gjaldmiðla eða óvæntra verðbreytinga.

Viðbótarkostnaður

Þú getur bókað viðbótarkostnað á vörur, svo sem aðflutningsgjöld, sendingarkostnað og annað og skipt honum upp eftir þeirri aðferð sem hentar fyrir hverja vörutegund eða birgja (t.d. eftir þyngd, verði). Þannig verður framlegðin nákvæmari og þú færð betri innsýn í reksturinn.

MS SQL gagnagrunnur

Accounting2benefit keyrir á MS SQL 2008 R2 gagnagrunni.

Öflugar aðgerðir

Viðbótarsala

Þú getur sett upp viðbótarsölu fyrir öll vörunúmer. Þannig birtist sjálfkrafa á skjá notanda hvaða viðbótarsölu hann gæti boðið viðskiptavininum.

Það er ekki einungis mikilvægt fyrir sjálfan reksturinn að bjóða fram viðbótarsölu og þjónustu, heldur getur það skapað ánægðari viðskiptavinum þar sem þeir fá betri not af vörunni. Þannig getur þú aukið tekjur á einfaldan hátt, bæði til lengri og skemri tíma.

Öflug áætlanagerð (og eftirlit)

Í Accounting2benefit getur þú skráð áætlanir um allt kerfið, þ.m.t. fjárhagslykla, deildir/útibú, hagnaðarmistöðvar, vörur og þjónustu, viðskiptamenn, birgja og verkefni.

Í vaxandi mæli nota fyrirtæki áætlanir við stjórnun. Það getur skilað töluverðum ávinningi ef áætlanir eru skráðar í bókhaldskerfið og ávallt hægt að sjá samanburð við raunverulega niðurstöðu á sérhverjum lið.

Frjáls svæði (um allt kerfið)

Þú getur stofnað viðbótarsvæði sem eru valkvæm eða skyldusvæði. Þannig tryggir þú að nauðsynlegar upplýsingar sem þú hefur sérstaka þörf fyrir séu til staðar. Þú sparar kostnað við úrvinnslu gagna og bætir stjórnun.

Eftirlit með vöruskilum

Það er mikilvægt að fylgjast vel með vöruskilum og fá vísbendingar tímanlega um hugsanleg vandamál,

svo sem galla, ef varan uppfyllir ekki væntingar eða annað.

Með upplýsingum um vöruskil og ástæður þeirra fást vísbendingar um vandamál og hægt að grípa til viðeigandi ráðstafana.

Heimild fyrir kreditnótum

Þú getur skilgreint ástæður fyrir vöruskilum og gert kröfu um að upplýsingarnar séu skráðar í hvert sinn sem vörusala er bakfærð.

Fjölhæf skýrslugerð

Með fjölhæfri skýrslugerð færð þú betri innsýn í reksturinn, tekur vandaðri ákvarðanir, kemur í veg fyrir kostnað og kemur auga á tekjumöguleika. Þú hefur ávallt þúlsinn á rekstrinum.

Viðskiptagreind (Business Intelligence)

Með viðskiptagreind* getur þú nálgast greinargóðar upplýsingar og nýtt þær til að bæta reksturinn. Þú getur komið auga á ógnanir og áhættur í rekstrinum, brugðist tímanlega við eða komið auga á tækifæri sem hefði hugsanlega farið framhjá þér. Viðskiptagreind er til staðar í öllum útgáfum af Accounting2benefit.

*) *Hugtakið viðskiptagreind (e. Business Intelligence) fjallar um það þegar unnið er úr gögnum og settar fram upplýsingar á grundvelli þeirra sem gerir kleift að nýta þær til að bæta reksturinn.*

Staðlaðar skýrslur

Með stöðluðum skýrslum getur þú fengið mikilvægar upplýsingar með því einu að smella á músarhnapp. Þú færð samstundis skýrslu byggða á rauntímagögnum.

Sérhæfðar skýrslur

Í Accounting2benefit getur þú á auðveldan hátt útbúið sérhæfða skýrslu með þeim upplýsingum sem þú óskar eftir og keyrt þær á augabragði hvenær sem þér hentar.

Kennitölur

Í Accounting2benefit hefur þú aðgang að fjölda kennitalna* sem þú getur kallað fram hvenær sem er.

*) *Kennitölur eru einfaldur mælikvarði sem gefa góða innsýn í hvernig reksturinn gengur. Meðal helstu kosta kennitalna er að þær eru auðskiljanlegar og nýtast vel til að fylgjast með þróun ýmsra stærða í rekstrinum.*

Skýrslur á öllum tímupunktum

Í Accounting2benefit bókhaldskerfunum ert þú ekki bundinn við að keyra skýrslur miðað við gildandi dagsetningu, heldur getur þú keyrt skýrslur á hvaða tímupunkti sem er aftur í tímann. Þannig hefur þú betri möguleika á að fylgjast með rekstrinum og átta þig á þróuninni.

Mælaborð stjórnandans

Þú hefur mælaborð stjórnandans ávallt fyrir framan þig og getur fyrirhafnarlaust nálgast upplýsingar um

reksturinn og rýnt í einstaka niðurstöður ... allt frá sama skjánum.

Notendavænt kerfi

Í Accounting2benefit er myndrænt viðmót sem gerir þeir einstaklega auðvelt að nýta kerfið. Þú hefur gott stjórnborð og ert sennilega farinn að nýta þér eiginleika kerfisins áður en þú veist af, nánast aðstoðarlaust. Þú skilur jafnvel ekkert í því hvernig þú hafir komist af áður án þeirra eiginleika sem Accounting2benefit bókhaldskerfið býr yfir.

Frábært aðgengi (um allt kerfið)

Í Accounting2benefit getur þú flakkað á milli kerfishluta og aðgerða. Auk þess hefur þú aðgengi að ýmsum upplýsingum, ytri gögnum og fleiru án þess að hætta í þeirri aðgerð sem þú varst að vinna í.

Með góðu aðgengi að aðgerðum í bókhaldskerfum sparast tími og kostnaður.

Fljótlegt sölukerfi

Sölukerfið í Accounting2benefit er einstaklega notendavænt og fljótlegt að vinna í því. Auk þess að hafa gott aðgengi að öllum aðgerðum og eiga auðvelt með að "flakka" á milli kerfishluta hefur þú aðgang að eiginleikum sem skapa mikinn sveigjanleika og spara tíma.

Gott sölukerfi skapar meiri möguleika, sparar tíma við sölu og bæði beinan og óbeinan kostnað.

Afritun tilboða

Þú getur skoðað viðskiptasögu, bæði viðskiptamanna og birgja, um leið og þú vinnur í viðkomandi aðgerðum. Þú getur afritað síðustu pöntun og sótt tilteknar vörulínur úr einu eða fleiri skjölum með örfáum músarsmellum.

Ótakmarkaður fjöldi mynda af vörum

Þú getur hengt ótakmarkaðan fjölda mynda við vörur og skoðað þær við vinnslu sölu- eða innkaupaskjala. Þannig hefur starfsfólk ávallt íterlegar upplýsingar um vöruna og kemur í veg fyrir mistök við sölu eða pantanir.

Frjáls tilboð

Þú getur stofnað frjáls tilboð fyrir núverandi eða mögulega viðskiptavini með hvaða staðlaðri vöru eða þjónustu, eða stofnað nýja vöru sem ekki er til staðar í kerfinu og hefur fulla stjórn á álagningunni. Þú getur síðan stofnað tilboð eða vörusett á grundvelli tilboðsins og boðið í almennri sölu.

Sérhæfðir eiginleikar

Góð verkefnastjórnun

Þú getur stofnað verk, skipt kostnaði á þau með einföldum hætti, tengt þau við viðskiptamenn og nýtt verkefnastjórnun í Accounting2benefit (Enterprise) til að ná meiri árangri.

Verk hafa það einkenni að ekki er um staðlaða vöru að ræða, heldur sértæka lausn sem útheimtir gott skipulag og eftirlit. Með góðri stjórnun sparar þú kostnað og eykur tekjur.

Áætlanagerð og áfangar

Þú getur gert áætlanir um verkefni, tímasett áfanga og annað sem þú vilt fylgjast með.

Upplýsingar og viðhengi

Þú getur skráð ótakmarkaðan fjölda tengiliða á hvert verkefni, svo sem verkstjórnanda, fjárhagslega tengiliði, undirverktaka og fleiri aðila sem búa yfir mikilvægum upplýsingum. Þú getur tengt öll viðeigandi skjöl við verkið, verklýsingar, upplýsingar um og úrlausnir vandamála, samninga o.fl.

Fjölhæft framleiðslukerfi

Þú getur haldið utan framleiðslu í Accounting2benefit, stofnað framleiðsluvörur, skilgreint íhluti og kostnað og fylgst síðan með árangrinum. Þú getur einnig stofnað vörusett úr öðrum vörum í kerfinu og þannig, á einfaldan hátt, útbúið lausn sem hentar markaðnum.

Með góðu framleiðslukerfi er hægt að halda vel utanum hlutina og auka rekstrarhagræði.

Gjaldmiðlar

Þú getur stofnað viðskiptamenn, birgja, bankareikninga og jafnvel fjárhagsreikninga í erlendum gjaldmiðlum (Accounting2benefit Business og Enterprise). Þú getur uppfært gengið daglega og skilgreint vikmörk til að koma í veg fyrir innsláttarvillur.

Smáskilaboð (markaðssetning/innheimta)

Í Accounting2benefit getur þú sent innheimtutilkynningar, sjálfvirkir, í SMS skilaboðum. Þú getur einnig notað SMS skilboðin til að senda viðskiptavinum upplýsingar um nýja vöru eða þjónustu.

Afgreiðslukerfi

Í Accounting2benefit Enterprise hefur þú fjölhæft afgreiðslukerfi með kassauppgjöri og fjölda eiginleika sem bæta stjórnun og auka árangur.

Mjög hagstætt verð

Allt eins og þeir stóru hafa

Accounting2benefit er ekki einungis venjulegt bókhaldskerfi, heldur viðamikil upplýsingakerfi sem býður uppá eiginleika eins og "þeir stóru" hafa, en þó á verði sem er einungis brot af því sem gengur og gerist fyrir slík kerfi. Þannig þarft þú ekki að "sitja eftir" vegna kostnaðar sem er í engu samræmi við umfang rekstrarins, heldur hefur þú möguleika á að vinna nánast hvað sem þér þóknast.

Allir eiginleikar innifaldir

Í Accounting2benefit eru allir eiginleikar innifaldir í verðinu. Þannig getur þú ávallt nýtt þér þá möguleika sem þú þarft á að halda hverju sinni.

Enginn aukakostnaður

Þú þarft ekki að greiða aukakostnað þó að þú þurfir nýja eiginleika. Ef þú vilt getur þú byrjað smátt, t.d. með Accounting2benefit Individual eða Accounting2benefit Business og síðan uppfært í

stærra kerfi, allt í sama gagnagrunninum. Þú getur einnig bætt við fleiri notendum eftir því sem fyrirtækið stækkar eða fleiri aðilar þurfa aðgang að kerfinu.

Framtíðarlausn

Stækkunarmöguleikar

Í öllum útgáfum af Accounting2benefit er fjöldi eiginleika, en þeir eru að sjálfsögðu mismunandi. Þú þarft ekki að fjárfesta óþarfliga mikið í upphafi, því þú getur ávallt uppfært í stærra útgáfu og nýtt sama gagnagrunninn áfram.

Óbreytt notendaviðmót

Þú vinnur ávallt í sama notendaviðmóttinu, hvaða útgáfu af kerfinu sem þú notar. Það eina sem breytist þegar þú uppfærir í stærra kerfi, er að fleiri hnappar verða virkir og þú nýtur ávinnings af fleiri aðgerðum.

Stöðugar uppfærslur

Accounting2benefit er í stöðugri endurnýjun. Greiður aðgangur að ytri þekkingu í gegnum fjölda notenda og öflugt net samstarfsaðila tryggir að þú hafir ávallt kerfi sem byggir á nýjustu tækni. Kerfið uppfærir sjálfvirkir í gegnum internetið.

Haldbærir samkeppnisfirburðir

Notendur Accounting2benefit þurfa ekki að hafa áhyggjur af því að bókhaldskerfið haldi aftur af þeim. Stöðug nýsköpun í bókhaldskerfinu og lágmarkskostnaður skapa grundvöll að því að þú búir við aðstöðu eins og þeir bestu. Þannig getur þú einbeitt þér að því sem þú ert best(ur) í og náð árangri.

Ath.

Í þessu yfirliti höfum við fjallað um helstu ástæður þess að þú ættir að fá þér Accounting2benefit bókhaldskerfi. Kerfið er til í fjórum útgáfum:

- Accounting2benefit Individual
- Accounting2benefit Business Basics
- Accounting2benefit Business
- Accounting2benefit Enterprise

Við höfum lagt okkur fram um að taka sérstaklega fram þegar eiginleikarnir eru eingungis til staðar í tilteknum útgáfum af kerfinu. Við hvetjum þig til að afla nánari upplýsinga á heimasíðu okkar, www.avinningur.is/samanburdur.

Við erum í mjög kviku umhverfi og stöðugt að endurbæta kerfin. Við getum ekki ábyrgst að allar upplýsingar séu uppfærðar. Hafðu endilega samband ef þú vilt fá nýjustu upplýsingar.

